



## Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Fundarherbergi ÍSÍ - 6.9.2016 kl. 17:30

**Mætt:**

Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMÞ), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Þórður Bragason (ÞB), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Ragnar Róbertsson (RR)

**Fjarverandi:**

Einar Gunnlaugsson (EG), Ari Jóhannsson (AJ), Jón Rúnar Rafnsson (JRR), Magnús Á Ástráðsson (MÁÁ)

ÞA ritaði fundargerð.

---

### 1. Torfæra í USA

AKÍS hefur heyrt af áformum nokkurra íslenskra torfæruökumanna að fara með keppnistæki sín til Bandaríkjana þar sem haldin verði sýningarkeppni dagana 30. september til 2. október 2016 Staðsetningin er Bikini Bottoms Off-Road Park í Tennessee.

Skipuleggjandi þessa er Formula Off-Road USA LLC sem er nýstofnað fyrirtæki til að halda utanum þessa sýningu. Tekið skal fram að Formula Off-Road USA er AKÍS með öllu óviðkomandi.

Stjórn AKÍS vill benda þeim sem eru að fara í þessa ferð á að stjórnin hefur enn ekki fengið skriflegar staðfestar upplýsingar um með hvaða hætti tryggingum er háttað í keppninni gagnvart tjóni á þriðja aðila, hvort heldur sem er eigna- né heilsutjóni.

Stjórn AKÍS hvetur þá sem eru að fara í þessa ferð, keppendur sem og starfsmenn, að kynna sér skriflega tryggingarskilmála þá sem eru í gildi á meðan fyrirhugaðri sýningarkeppni stendur. Verði einhver vandamál með tryggingar er hætta á því að viðkomandi beri afar skarðan hlut frá borði.

### 2. Erindi frá Andra Frey Viðarssyni

AKÍS hefur ekki verið að styrkja framleiðslu á myndefni í akstursípróttum.



**3. Hólmavíkurrally - úrskurður aga- og úrskurðarnefndar kominn**

Úrskurðurinn verður birtur á vef AKÍS innan viku eftir að aðilum var birtur hann.

**4. Atvik á Poulsen torfærinni**

[Úrskurður dómnefndar](#) vegna þess atviks hefur verið birtur.

**5. NEZ fundur í Lilleström**

FIA ráðstefnan verður 28.-29. október og því þurfti að lengja ferðina um einn dag og er búið að ganga frá flugi.

**6. Önnur mál**

**Sandspyrna** - athuga þarf með lengd bremsukafla og öryggisbúnað keppnistækja sem ná mesta hraða í braut.